



## LOKAHELGI LISTAHÁTIÐAR: FRUMFLUTNINGUR, KVIKMYNDATÓNLIST, KARLAKLÚBBUR, HÚSLESTRAR OG LJÓÐASTJARNA

Það gengur á með glæsilegum viðburðum á lokadögum Listahátíðar: Í Borgarleikhúsinu í kvöld er **Klúbburinn** frumsýndur, karlkyns sviðsverk um hóp listamanna sem ala með sér þann draum að afhjúpa æðsta leyndarmál listarinnar.

Á morgun, laugardag klukkan 17 í Hallgrímskirkju frumflytja Kammersveit Reykjavíkur, Schola cantorum og Mótettukór Hallgrímskirkju **Flétta eftir Hauk Tómasson**. Flétta fjallar um ægifygurð náttúrunnar, tengsl okkar við hana og ábyrgð á henni, og er textinn samsettur úr ljóðum og ljóðabrotum nokkurra íslenskra skálda á ýmsum aldri, frá Snorra Hjartarsyni til Sjón. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Laugardagskvöld kl. 20 í Hörpu, Silfurbergi, flytja Krakársinfóníettan, Ben Frost og Daníel Bjarnason verkið **"We don't need other worlds, we need mirrors" - Music for Solaris**, eftir þá Daníel og Ben. Kvikmyndaverk eftir Brian Eno og Nick Robertson er sýnt á tjaldi við tónlistina. Einnig mun Sinfóníettan flytja verk eftir pólsku tónskáldin Gorecki og Penderecki.

Sunnudagurinn 5. júní er lokadagur Listahátíðar og þá munu þjóðþekktir rithöfundar bjóða upp á **heimilislega húslestra** í stofum sínum. Uppselt er á húslestrana, en þeir verða teknir upp og fluttir á Rás 1. Rithöfundarnir sem opna dyr heimila sinna í ár eru Auður Ava Ólafsdóttir, Bergsveinn Birgisson, Birgir Sigurðsson, Kristín Steinsdóttir og Pétur Gunnarsson.

Margir bíða með eftirvæntingu eftir lokatónleikum Listahátíðar í ár, einsöngstónleikum bandarísku sópransöngkonunnar **Barböru Bonney** í Hörpu, Eldborg, sunnudaginn 5. júní kl. 20. Hún hefur unnið hug og hjörtu fólks um allan heim með kristaltærri rödd sinni og einstakri túlkun og mun á tónleikunum flytja sönglög og ljóðaperlur Schumann, Grieg og Strauss.

Skoðu alla dagskrána og kaupu miða á [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival  
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími: (+354) 561 2444 | Fax: (+354) 562 2350  
[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is)



Aðalsamstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík

